


1. tölublað, 9. árgangur. Apríl 2013

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



Fagmennska í tímans rás




Michelsen úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909




Fagmennska í fasteignaviðskiptum
Sími 511-1555



FASTEIGNASALA
Brynjólfs Jónssonar



Síðumúla 21 (Selmúlamegin) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • fbj@fbj.is • www.fbj.is



BOSS. BOTTLED. FRAGRANCE FOR MEN
FEATURING RYAN REYNOLDS

BOSS
HUGO BOSS

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (VII)
olafurs@granthornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (IV/V)
thor12@ru.is

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Ljósm. Kristján Maack.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Fortíð og framtíð

Í ár minnumst við þess að 100 ár eru liðin frá stofnun Bræðrafélagsins Eddu. Megintilgangur félagsins og aðalverkefni var að fá því framgengt við dönsku Frímúrararegluna að stofnuð yrði fullkomin Jóhannesarstúka í Reykjavík. Það tókst 6 árum síðar þegar Jóhannesarstúkan Edda var stofnuð árið 1919.

En þegar Bræðrafélagið var stofnað voru nær 200 ár liðin frá stofnun ensku Stórstúkunnar, sem markar upphaf þess frímúrarastarfs sem við þekkjum í dag. Og árið 2017 fagnar enska Stórstúkan 300 ára afmæli sínu.

Frímúrarareglan á sér því langa og merkilega sögu. En kannski það merkilegasta af öllu er að við notum í dag sömu siðabálkana í öllum aðalatriðum og menn gerðu fyrir 300 árum. Eftir allt umrót og umbreytingar síðustu þriggja alda og eftir mesta þekkingarskeið mannkynsins standa öll grunnildi frímúrarara óbreytt.

Fyrir nokkrum árum var ég vitni að því þegar sænskir frímúrarar settu á svið fyrsta stigs fund eftir siðabálkum frá 1740. Það var fróðlegt að sjá hversu litlu hefur verið breytt frá þeim tíma.

Þessi langi aldur Reglunnar og óbreytanleikinn í starfsaðferðum segja kannski mest um það hvað Reglan stendur fyrir. Hún boðar bræðrunum helgustu gildi mannlegs lífs. Þeir sem óska þess að líta ljósið og stefna á frímúrarabrautina eiga betri möguleika á að verða betri menn, annars vegar af því þeir vilja það og hins vegar vegna áhaldanna sem Reglan lánar okkur.

Í Frímúrarareglunni á Íslandi er að finna 3.500 mismunandi útgáfur af því hvernig gengur að bæta sig sem maður. Sérhver lítur í eigin barm og sér ótal verkefni að glíma við. Og menn feta sig áfram á brautinni, stundum hægt, stundum hratt. Og á

tíðum verða bakföll – en áfram skal haldið.

Aðferðafræði Reglunnar er ekki ósvipuð skólagöngu þar sem farið er bekk úr bekk og sífellt bætt við þekkinguna. Bræðurnir taka stig eftir stig þar sem Reglan opnar augu bræðrana fyrir sífellt nýjum víddum.

Eins og skólaganga tekur mörg ár tekur ferðin á frímúrarabrautinni einnig langan tíma.

Hin langa saga segir okkur að Frímúrarareglan er tímalaus og alltaf ung. Við sem störfum í Reglunni í dag getum borið þessu vitni. En hvað með framtíðina? Hvernig mun Reglunni farnast í ólgusjó nýrra hugmynda og krafna næstu kynslóða?

Á síðasta ári, og í tilefni af 300 ára

afmælinu framundan, fékk enska Stórstúkan óháð rannsóknarfyrirtæki til að gera ítarlega úttekt á stöðu og framtíðarhorfum Frímúrarareglunnar. Litið var til margra þátta og skoðanir kannaðar, bæði meðal frímúrarara svo og þeirra sem ekki eru meðlimir í Reglunni. Niðurstöður má lesa í skýrslu sem nefnist „The Future of Freemasonry“ og er að finna á heimasíðu United Grand Lodge of England.

Í stuttu máli segir í lok skýrslunnar að Frímúrarareglan, með sínar rætur í mannúðarhugsjón og umburðarlyndi, skipti að öllum líkindum meira máli nú, á óvissutímum í efnahag og félagsmálum, en nokkru sinni fyrr. Svo mörg voru þau orð – sem koma okkur frímúrarurum ekki á óvart.

Vetrarstarfið er nú brátt á enda og ég þakka ykkur öllum fyrir ánægjulegt samstarf. Megi Hinn Hæsti gefa ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gott sumar.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.



Fjölmarginir bræður fögnuðu 60 ára afmæli Mímis.

Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

St. Jóh.stúkan Mímir 60 ára

St. Jóh.stúkan Mímir átti 60 ára afmæli 14. febrúar sl. og var haldið upp á tímamótin með hátíðarfundi 18. febrúar.

Árið 1950 voru tvær Jóhannesarstúkur starfandi á Íslandi. St. Jóh.stúkan Edda í Reykjavík með 414 bræður sem er elst allra Jóhannesarstúkna á Íslandi en hún var stofnuð 6. janúar 1919. Einnig var starfandi St. Jóh.stúkan Rún á Akureyri með 126 bræður, en Rún var stofnuð 5. ágúst 1932. Fljótlega upp úr heimsstyrjöldinni síðari var farið að hreyfa við því að heppilegt myndi fyrir framgang Reglunnar að stofna aðra stúku í Reykjavík vegna þess að Eddubræður voru orðnir svo margir. Húsnæðið sem Reglan starfaði þá í, var löngu orðið of lítið fyrir þann stóra bræðrahóp sem þá var og hafði það áhrif á fundarsókn bræðranna. Þessi mikli fjöldi bræðra hafði einnig aðra ókosti í för með sér; t.d. urðu kynni bræðra minni en æskilegt var og innsækjendur í stúkuna þurftu að bíða í tvö og jafnvel þrjú ár eftir inngöngu.

Þáverandi Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, Sveini Björnssyni forseta, var stofnun stúkunnar hjartans mál og 12. október 1951 var birt sú ákvörðun Stórmeistarans, að stofnuð skyldi ný St. Jóh.stúka innan Frímúrarareglunnar á Íslandi. Fimm dögum síðar var svo gefin út tilskipun um stofnun nýrrar St. Jóh. st. í Reykjavík, þeirri fyrstu sem stofnuð væri af Frímúrarareglunni á Íslandi sem varð sjálfstæð þetta sama ár, 1951, þann 23. júní. Sveini Björnssyni auðnaðist ekki að verða vitni að þessum atburði en hann lést í janúar 1952. Fráfall hans varð til þess að töf varð á stofnun stúkunnar fram í febrúar 1953.

Það kom í hlut Ólafs Lárussonar prófessors að ganga frá stofnun stúkunnar Mímis, en hann tók við sem Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi eftir Sveini Björnssyni. Það gerði hann með bréfi 30. desember 1952. Í því bréfi kom fram að stúkan ætti að heita Mímir og að einkunnarorð hennar á latínu yrðu „Querite et Invenietis“ sem gæti útlagst „Leitið

og þér munuð finna“. Ennfremur var tekið fram í þessu bréfi að Tómas Tómasson yrði stólmeistari stúkunnar og aðrir embættismenn hennar Elías Halldórsson v.Stm. Eggert Kristjánsson E. Stv., Valdimar Stefánsson Y. Stv., Freysteinn Gunnarsson Km., Egill Guttormsson Sm., Benedikt G. Waage R., Jón Maríasson skattmeistari, eins og féhirðir var nefndur þá og Guðmundur Þórðarson L. Þessir bræður voru tilnefndir stofnendur stúkunnar. Auk þeirra voru 12 bræður sem gerðust stofnfélagar eða alls 21 bróðir og allir komu þeir frá St. Jóh. st. Eddu.

Stofnfundur St. Jóh.st. Mímis var haldinn samkvæmt fundargerðabók 14. febrúar 1953, sem var Valentínusarmessa.

Ákveðið var að mánudagar skyldu vera fundardagar stúkunnar. Fyrsti upptökufundur stúkunnar var 30. mars 1953. Það sannaðist í upphafi að það var rétt sem sagt var um þörfina fyrir nýja stúku því strax á stofnfundinum voru lagðar fram sex upptökubeiðir.

Eins og áður sagði voru stofnfélagar Mímis 21 að tölu. Mímir hefur haft 12 Stólmeistara frá upphafi. Sá fyrsti var eins og áður sagði Tómas Tómasson, aðrir eru Eggert Á. Kristjánsson, Gunnar J. Möller, Valur Gíslason, Einar Birnir, Jóhann Ágústsson, Jón Birgir Jónsson, Magnús Ólafsson, Þórður Óskarsson, Ólafur G. Karlsson, Sveinn Grétar Jónsson og núverandi stólmeistari Mímis, Hákon Örn Arnþórsson, er sá 12. í röðinni, en hann tók við á síðasta starfsári.

Tveir af stofnfélögum Mímis hafa orðið Stórmeistarar Frímúrarareglunnar en það voru þeir Valdimar Stefánsson og Gunnar J. Möller. Auk þessara stofnfélaga var Indriði Pálsson Stórmeistari Reglunnar frá árinu 1988-1999, þannig að frá Mími hafa komið þrjú af ný Stórmeisturum Reglunnar frá árinu 1951.

Í dag eru Mímisbræður 375. Í gegnum árin hafa verið höggvin skörð í raðir bræðranna en margir bræður gerðust stofnfélagar í St. Jóh.st. Síndra árið 1978 sem var áður fræðslustúka í umsjá Mímis og einnig við stofnun St. Jóh.st. Fjölnis árið 1987 þar sem mikill meirihluti stofnfélaga voru bræður úr Mími. Einnig er það ekki umflúið að með hækkandi aldri stúkunnar hafa margir bræður látist. Aðeins einn af stofnfélögum stúkunnar er ennþá á lífi en það er br. Ólafur Ágúst Ólafsson R&K fyrrv. E. St.Stv. Landsstúkunnar.

Á afmælisfundinum í febrúar sl. barst Mími vegleg gjöf frá bróður sem ekki vildi láta nafns síns getið, en það er gömul útgáfa biblíunnar, sem prentuð var í Reykjavík fyrir 154 árum. Hún er fyrsta íslenska biblían sem prentuð var í höfðuðstað landsins en það var fyrirtækið Prentsmiðja Íslands, þá í eigu Einars Þórðarsonar, sem annaðist verkið. Af þeim sökum gengur hún oftast undir heitinu Reykjavíkurbiblía.

Það eintak bilblíunnar sem Mímir fékk að gjöf hefur verið varðveitt ólesid og óinnbundið og taldist því þar til fyrir skemmstu vera svokallað prentsmiðjueintak. Hún hefur nú verið bundin inn í fallett brúnt biblúskinn og það gerði einn vanasti bókbindari landsins, Ragnar G. Einarsson. Hann hefur um áratugaskeið bundið inn íslenskar biblur, þar á meðal mestu gersemarnar, Guðbrands-, Þorláks- og Steinsbiblur.



Þrjú Stólmeistarar úr Mími: Haukur Björnsson, Stm. Snorra; Hákon Örn Arnþórsson, Stm. Mímis og Halldór Jóhannsson, Stm. Heklu.



Reykjavíkurbiblían sem Mími var gefin í afmælisgjöf.



Hákon Örn Arnþórsson, Stm. Mímis, afhendir Kristjáni Sigmundssyni Fh.R. söfnunarfé Mímisbræðra vegna fyrirhugaðra endurbóta á Jóhannesarsal.



Stofnendur Mímis 1953.

Eftir hverjum er St. Jóh.stúkan Mímir nefnd? Guð eða Jötunn?

Dagurinn er 23. febrúar 1953, dagurinn þar sem tími Ása, Vana og Jötna er endurvakinn og þá hvers vegna?

Jú, þetta er erindi sem Freysteinn Gunnarsson flutti til að skera úr um hvort stúkan Mímir sé nefnd eftir guði eða jötni. Eins og fram hefur komið flutti br. Freysteinn erindið, á fyrsta starfsfundi Mímis eftir vígslu stúkunnar, um hugmynd og nafngift á stúkunni.

Br. Freysteinn dáðist svo mjög að þeim manni sem valdi nafnið á fyrstu stúkunni á Íslandi en honum fannst að varla hefði verið hægt að velja betra nafn á stúku en einmitt nafnið Edda. Að þessu sögðu þá, eins og hann segir, lá það beinast við að leita í Edduna til að finna hæfilegt nafn á fyrstu stúkuna sem stofnuð var eftir sjálfstæði Íslands. Hann telur að mönnum hafi tekist vel til með Mímisnafnið, en fannst það kannski ekki jafn snjallt og Eddunafnið, en talandi sem Mímisbróðir þá má hver sem er álasa mér sem vill, þar sem mér finnst Mímisnafnið bera merki um mun meiri karakter svo sem berlega kemur í ljós þegar farið er að velja því upp hvort Mímir hafi verið Guð eða Jötunn.

Í framhaldi af nafngiftinni þá velti Freysteinn upp hugsanlegum mótbár-um við nafngiftina s.s. kyni nafnsins,

málfræði sem honum fannst léttvæg og svo því hvort Mímir hafi verið Guð eða Jötunn.

Norræn goðafræði hafði aldrei neitt höfuðrit og átrúnaðurinn þar af leiðandi líklega ekki mjög formfastur. Helstu heimildir um goðafræðina eru nokkur rit, flest rituð á Íslandi eftir að kristni var lögtekin. Það eru eins og við vitum helst Eddukvæði, Sæmundar-Edda og Snorra-Edda. Í goðafræðinni er Mímir talinn upp með Ásum.

Vanir eru annar tveggja flokka goða og búa í Vanaheimum. Hinn flokkurinn eru Æsir. Vanir voru mun færri og skipta minna máli en Æsir og eru aðallega frjósemisgoð. Í Gylfaginningu er talað um stríð milli þessara flokka og í goðafræðinni er oft talið að vanatrú séu leifar eldri trúarbragða, sem urðu undir við þjóðflutninga. Þetta er einnig vegna þess, að ekkert er talað um uppruna þeirra, meðan góðar lýsingar eru á tilurð Ása.

Helstu Vanir eru sjávarguðinn Njörður og frjósemisgoðin, börn hans, Freyr og Freyja, sem voru gíslar Ása eftir fyrrnefnt stríð. En eftir að þessu stríði lauk var samið um friðinn, þá skiptust þeir á gíslum til tryggingar um góða hegðun. Við það settist Vaninn Njörður að í Ásgarði eins og fram hefur komið ásamt börnum sínum, en

tveir Æsir, þeir Mímir og Hæmir, fóru til Vanaheims.

Við þessi tímamót segir Óðinn: „Þið eruð innilega velkomin í Ásgarð og á móti býð ég Hæmi sem er öllum mönnum höfðinglegri. Ég vil að Mímir fylgi honum. Hann er vitrastur þeirra sem sest hafa að hjá okkur, ef ég er undanskilinn.“ Þar með var friður saminn og ákveðið að innsigla hann í Ásgarði.

Sú hugsun varð til hér áður fyrr að fólk sem er svo gamalt og hefur verið til frá alda öðli, hljóti að geyma mikla visku og fróðleik. Þar má telja Mími jafnoka goðanna eða jafnvel ofjarl þeirra hvað varðar speki og fróðleik. Því hafa verið breytilegar hugmyndir um Jötna frá ýmsum tímaskeiðum, gott og vont, kímni og ótti, virðing fyrir aflinu og lotning gagnvart viskunni sem þeir bjuggu yfir. Að ganga í hjónaband og eignast börn og buru er eitthvað sem jötnar gera, líkt og menn og flestar aðrar verur. Jötnar eigi það líka til að vera vitrar, fagrar og mætar verur. Mímir er þó, þrátt fyrir allt mjög leyndardómsfullur.

En þrátt fyrir að Óðinn væri einn af Ásum, en Ásar og Jötnar áttu oft í málaskiptum, þá var hann skyldari þeim en margir héldu. Óðinn var ekki aðeins skyldur jötnum heldur var hann afkomandi Jötna. Hann átti Jötun og



Embættismenn St. Jóh.st. Mímis 2013.

Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

hrímþurs fyrir foreldra, og hinn gamli hrímþurs Ýmir, sem var upphafið að öllu saman, var langafi hans.

Vegna þessara fullyrðinga þá er ekki heldur svo fjarri að álykta sem svo að Mímir geti hugsanlega verið afkomandi samskonar fjölskyldu-tengsla.

Á einum stað í frásögn Snorra-Eddu þar sem flestir „að álit Freysteins“ telja aðalheimild um Mími, er minnst á tréð Ask Yggdrasils þar sem talað er um hinar þrjár rætur sem halda því uppi:

„Askurinn sem er allra trjáa mestur og bestur. Greinar hans dreifast yfir heim allan og standa yfir himni. Þrjár rætur trésins halda því uppi og standa afar breitt. Ein er með ásum en önnur með hrímþursum, þar sem forðum var Ginnungagap. Hin þriðja stendur yfir Niflheimi, og undir þeirri rót er Hvergelmir, en Níðhöggur gnagar neðan rótina. En undir þeirri rót er til hrímþursa horfir, þar er Mímisbrunnur, er spekt og mannvit er í fölgjó, og heitir sá Mímir er á brunninn.“

Einnig eys Mímir vatni yfir Yggdrasil honum til viðhalds og næringar. Mímir drekkur líka af brunninum úr horninu Gjallarhorni.

Til að sýna hve mikilsverður og voldugur Mímir var meðal guðanna

var veraldaraskurinn stundum einnig nefndur Mímismeður.

Hér er álitíð sem svo að Mímir sé hér í raun talinn til nokkurs konar vatnaguðs.

Eins og Freysteinn kemst að orði í erindi sínu, þá var brunnurinn ekki í Jötunheimum heldur undir rót asksins sem til hrímþursa horfir. Áfram heldur Freysteinn og finnst það undarlegur Jötunn ef hann hafi þá verið Jötunn sem fullur er af vísindum eins og sagt er um Mími, hvað þá að Óðinn sjálfur leiti ráða hjá Jötni þar sem hann ætli að ráðast til orrustu við Jötna og enn rekur Freysteinn söguna nokkuð vel. En Mímir á brunninn eins og Snorri segir og brunnurinn er uppspretta allrar visku, með öðrum orðum tákn eða gervi alvískunnar; ekki amalegt nafn það, Mímir.

Mímir var guð djúprar visku. Í árdaga bjó hann ásamt Ásum í Ásgarði í frið og farsæld. Hann er líka stundum nefndur Hoddmímir (hodd: gull, fjársjóður) til marks um að hann var áður fyrr ekki einungis vitur, heldur einnig frægur smíður sem skóp goðunum mikla fjársjóði. Afhoggið höfuð hans varð síðar meir uppspretta gervallar þekkingar allra tíma, fortíðar, nútíðar og framtíðar.

Því tel ég að framansögðu að hann

hafi verið guðleg vera og sést að hluta til í þeim krafti, fegurð og miklu visku sem hann hafði. Hljómar kunnuglega ekki satt?

„Hin æðsta viska er sannleikurinn sjálfur og hið skærasta ljós á leiðum okkar í leitinni miklu.“ Þannig kemst br. Freysteinn að orði í lokakafli sínum og þykir mér það því góður staður til að nema staðar.

Guðmundur R. Magnússon.

Heimildir:

Mímir nafn og hugmyndir; Freysteinn Gunnarsson; 1953 Frímúrarareglan Eineygður öldungur rekur ætt sína. Óðinn og jötnarnir. Ritgerð til B.A. prófs. Harpa Sif Þórsdóttir. Maí 2010

Snorra-Edda; Gylfaginning 15. kafli: Óðinn og bræður hans; heimur verður til; kennsluleiðbeiningar; Námsgagnastofnun 09839

Brian Branston. Goð og garpar úr norrænum sögnum. 1979. Bókaforglagið Saga, Reykjavík



Valur Valsson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, ásamt Anders Strömberg, SMR sænsku Frímúrarareglunnar (t.v.) og Hans Martin Jepsen, SMR dönsku Frímúrarareglunnar (t.h.).

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Valur Valsson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar, á Regluhátíð 2013:

„Það er svo langt síðan ég hef heyrt í þér“

Laugardaginn 12. janúar 2013 var árleg Regluhátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi haldin. Venju samkvæmt var þétt setinn bekkurinn í Regluheimilinu við Skúlagötu. Tónlistin var í hávegum höfð eins og áður þar sem tónlistar- og söngmenn úr hinum ýmsu stúkum voru í aðalhlutverki ásamt Frímúrarakórnum.

SMR, Valur Valsson, bauð bræður velkomna til fundarins og sr. Hjálmar Jónsson, Yf.Km. flutti ávarp sem óhætt er að segja að hafi vakið athygli.



Fjölmenni var á Regluhátíð. Hér eru þeir glaðir í bragði Þorsteinn Eggertsson, Jóhann Líndal Jóhannsson, Jón Þór Hannesson og Jón Agúst Ólafsson.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Ávarp SMR hitti marga bræður í hjartastað þegar hann ræddi um þá skyldu íslenskra frímúrara að rétta náunganum hjálparhönd. Benti hann á að 66 styrkir hefðu verið samþykktir hjá Styrktarráði, fjöldi bræðra hefði fengið niðurfellingu árgjalda vegna fjárhagserfiðleika og á 10 árum hafa verið veittir styrkir upp á um 60 milljónir króna úr Frímúrarasjóðnum til menningar- og mannúðarmála.

Þá sagði SMR:

„Það sem ég hef nú rakið sýnir að líknarstarf Reglunnar er meira en margur hyggur og margir njóta góðs af því. Fyrir jólin fengu t.d. Hjálparstofnun kirkjunnar, Samhjálp og Hjálpræðsherinn styrki frá Reglunni.

Líknarstarf Reglunnar er aðeins mögulegt vegna gjafmildi ykkar, bræður mínir og ég þakka ykkur fyrir framlög ykkar.“



Joachim Klauss, stórmeistari þýsku Stórstúkunnar og Anders Grafström, St.R. sænsku Reglunnar.



Valur Valsson SMR ásamt erlendum bræðrum á Regluhátíð. Aftari röð f.v.: Magne Frode Nygaard, fv. SMR Noregi, Knut B. Teige, IVR Noregi, G.D.A. Elgood, Englandi, Ivar Skar, fv. SMR Noregi, Barry Lyons, St.R. Írlandi, W. Hanburg-Bateman, Englandi, Jens E. Lassen, IVR Danmörku, Kurt Österberg, SMR Finnlandi, Anders Grafström, St.R. Svíþjóð, Ragnar Tollefsen, HSM Noregi, Massimiliano Flumini, SM Ítalíu, Arne Kaasik, Eistlandi. Fremri röð f.v.: George Dunlop, SMR Írlandi, Joachim Klauss, SMR Þýskalandi, Hans Martin Jepsen SMR, Danmörku, Valur Valsson, SMR, Anders Strömberg, SMR Svíþjóð, Tore Evensen, SMR Noregi, Paul Himma, Eistlandi.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Stórmeistarar Frímúrarareglunnanna í Svíþjóð og Danmörku, Anders Strömberg (t.v.) og Hans Martin Jepsen (t.h.), voru gerðir að heiðursfélögum Frímúrarareglunnar á Íslandi á Regluhátíð. Hér eru þeir ásamt Vali Valssyni SMR.

SMR sagði svo:

„Nýlega hitti ég frænda minn, sem er ekkjumaður á níræðisaldri og býr einn, en er, sem betur fer, við þokkalega heilsu. Hann er frímúrararbróðir. Við tókum tal saman og þá sagði hann: „Það er svo langt síðan ég hef heyrt í þér“ og ég heyrði á röddinni að þetta var honum hjartans mál. „Það er svo langt síðan ég hef heyrt í þér.“ Mér brá við þessi orð. Hann frændi minn var að minna mig á frímúraraskyldu sem ég hafði ekki sinnt vel og af því er ég ekki stoltur. En ég er að segja ykkur frá þessu vegna þess að það kann að vera að fleiri séu undir sömu sök felldir.“

Benti SMR á að í Grundvallarlögum Reglunnar segi um skyldur Frímúrararbræðra:

„Frímúrararbróðir skal vera greiðvikinn og skjótur til aðstoðar öllum þeim, sem í nauðum eru staddir. Honum ber að rækja eftir megni kristilegar skyldur við náungann og bræðurna, hjálpa bágstöddum, vitja sjúkra, hugga sorgbitna, hughreysta dapra og leiðbeina þeim sem hrasa, svo þeir megi aftur komast á rétta braut.“

Hann bætti svo við:

„Undanfarin misseri hafa birst í hinum ágætu tímaritum Frímúrarareglunnanna í Noregi og Danmörku

hugleiðingar bræðra sem höfðu persónulega reynslu af því, þegar frímúrarar standa ekki við stóru orðin um umhyggju fyrir bræðrum. Þar var sagt frá afskiptaleysi sem ungbróðir varð fyrir eftir inngöngu í frímúrarastúku og þar var líka sagt frá sambandsleysi við eldri og sjúka bræður sem söknuðu stúkustarfsins og bræðra sinna, en gátu ekki lengur sótt fundi. Í einni greininni segir höfundur meðal annars: „Ég álasa engum en bið bræður að velta fyrir sér hvernig við allir getum sýnt samkennd þegar þú eða ég þarf mest á umhyggju að halda.“ Þessar frásagnir voru svo sannarlega umhugsunarverðar.“

SMR minnti því næst á störf Bræðranefnda, sem beri meðal annars að huga að eldri bræðrum og sjá um að sjúkra bræðra sé vitjað og þeir gladdir á hátíðis- og afmælisdögum.

„Bræðranefndir eiga líka að fylgjast með ef einhver bróðir eða ekkja látins bróður eða munaðarlaus börn hans búa við bág kjör og veita þeim aðstoð eftir því sem aðstæður leyfa.

Þessu mikla verkefni sinna Bræðranefndir af bestu getu. Ég hef persónulega fylgst með ýmsum störfum nefndanna. En það má örugglega gera betur ef vel er að gáð. Nú vil ég biðja allar Bræðranefndir að setjast

niður í upphafi þessa nýja árs, hver á sínum stað, og ræða hlutverk sitt og verkefni og hvort eitthvað mætti gera betur – hvort einhver bróðir hafi gleymst og hvort úti í hinum ytra heimi kunni að vera bróðir sem enginn hefur haft samband við lengi og biður þess að einhver sýni honum bróðurlega umhyggju.“

SMR sagði hins vegar að jafnvel þó Bræðranefndum væri falið að sinna og halda utan um bræðrahópin, þá sé okkar allra þörf.

„Umhyggja fyrir velferð bræðra okkar og fjölskyldna þeirra er verkefni okkar allra. Enginn er undanskilinn. Mörg falleg dæmi hef ég um það hversu vel margir frímúrararbræður sinna þessu hlutverki og það er þakkarvert. En kannski getum við gert enn betur og kannski er rétt að líta reglubundið í eigin barm og spyrja: Hvað get ég gert í dag?“

„Það er svo langt síðan ég hef heyrt í þér,“ sagði hann frændi minn – enginn bróðir á að þurfa að segja þetta við okkur.“

Á Regluhátíð útnefndi SMR einnig tvo nýja heiðursfélaga Frímúrarareglunnar á Íslandi. Það voru þeir Anders Strömberg, SMR sænsku Reglunnar og Tore Evensen, SMR norsku Reglunnar.

Hér birtist önnur grein af fjórum, sem fjalla um dyggðirnar fjórar: þagmælsku, varúð, hófsemi og miskunnsemi.

Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson



Þorsteinn Sv. Stefánsson.

Þorsteinn Sv. Stefánsson er fyrrverandi Innsiglisvörður Reglunnar. Hann gekk í Regluna árið 1983, var Stm. Fjölnis 1997-2002, Y.St.stv. í Landsstúkunni í 1 ár og sat í ÆR frá 2003-2012, fyrst sem YAR í 2 ár og síðan sem Innsiglisvörður Reglunnar í 7 ár til ársins 2012.

Varúð

„Móðir hins varkára manns er ekki vön að gráta.“ Cornelius Nepos 100-25 f. Kr.

Önnur orð sem notuð eru um þetta hugtak eru t.d.: aðgætni, aðgát, gát og varkárni. Varúðin er til þess fallin að forðast hvers konar hættur, forðast að lenda í vanda, að verða sér til minnkunar eða gera eitthvað rangt eða óskynsamlegt. Hún byggist fyrst og fremst á fyrirbyggju eða forsjálni einstaklingsins, skynsemi hans, þroska, rökhugsun og réttu mati á aðstæðum er upp kunna að koma. Hún er jafngömúl mannkyni og er veigamikill þáttur í lífi mannsins sem tegundar.

„Varúðin er elsta barn viskunnar,“ sagði franska skáldið og rithöfundurinn Victor Hugo. Sömuleiðis hafa forngrískir heimspekingar eins og t.d. Aristoteles fjallað um varúðina sem dyggð sem væri eitt af grundvallaratriðum rökfræðinnar. Þannig hafa menn lengi bent á mikilvægi varúðarinnar fyrir velferð og velgengni í lífinu. Til þess hefur þó stundum einnig þurft dirfsku, að þora að taka ákvarðanir, sýna skynsamlega og íhugaða djörfung og dug. En þegar skynsemin er ekki með getur dirfskan orðið að fíflirfsku, sem sjaldan leiðir til góðs þegar til lengdar lætur. En varúðin á ekki einungis við um mennina og mannlífið.

Í dýraríkinu er varúðin veigamikill þáttur í lífi og atferli flestallra dýra. Þau þurfa stöðugt að hafa gát á umhverfi sínu svo að þau fari sér ekki að voða í náttúrunni eða verði rándýrum að bráð. Sumum dýrum hafa verið gefnir litir, hæfni og hegðun til að fara huldu höfði, eða skynfæri sem oftast eru mun næmari en skynfæri okkar mannanna. Má þar nefna grasbíta sem hafa flestir stór augu sem eru staðsett mjög utarlega í höfðinu eins og t.d. hestar, kýr, sauðfé og skyldar tegundir. Þess vegna er sjónsvið þessarra dýra mjög vítt, um 350°, meðan sjónsvið mannsins er næstum helmingi þrengra (180°). Sömuleiðis hafa þessi dýr góða heyrn og næmt lyktarskyn. Það er því ekki auðvelt að læðast að þeim án þess að þau verði þess vör. Þar við bætist að þessi dýr lifa gjarnan í flokkum, en í því er mikil varúð fólgin. Aðrar dýrategundir, t.d. jarðkettirnir (meerkat) sem eiga ýmsa óvini, hafa alltaf vörð sem aðeins sinnir því hlutverki að fylgjast með hættumerkjum meðan hin dýrin í flokknum eru í matarleit ofanjarðar. Varúðin er því oft spurning um líf eða dauða í dýraríkinu.

Fyrir forfeður okkar var varúðin einnig stór þáttur í lífinu eins og eftirfarandi vísa sýnir. Með henni hefst kvæðið Hávamál, en þau eru lögð Óðni, æðsta guði hinna fornu trúarbragða forfeðra okkar, í munn:

Gáttir allar
áður gangi fram
um skoðast skyli,
um skyggnast skyli,
því að óvíst er að vita
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir.

Kvæðið hefst á áminningu til manna um að sýna fyllstu varkárni þegar aðrir eru heimsóttir, þ.e.a.s. þegar menn fara um ókunnar slóðir. Á þeim tíma var ekki vanþörf á því eftir því sem sögur herma.

Af þessu má sjá að varúðin hefur verið forfeðrum okkar svo mikilvæg að um hana er fjallað ekki einungis í heimspekiritum heldur einnig í trúarritum. Þannig hefur hún verið verulegur hluti af mannlífni.

En er hún það ekki einnig í dag? Er ekki þessi vísa úr Hávamálum sígild?

Varúðin kemur við sögu á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins t.d. í umferðarlögum og reglum um akstur farartækja á landi hvort sem þau eru vélknúin eður ei. Líkar reglur gilda um báta, skip og loftför. Rannsóknir hafa sýnt að flest óhöpp og slys í umferðinni eiga rætur að rekja til þess að varúðin hefur ekki verið með í för.

Varúðar og tillitssemi er einnig þörf í umgengni við landið og náttúru þess, en þar er því miður víða pottur brotinn. En þótt oft hafi verið rætt og ritað um varúð og aðgát, hefur þó borið á því að menn hafi gleymt sér og ekki gætt að sér sem skyldi. Þetta á við um flesta þætti þjóðlífsins. Þannig má segja að óvarkárni og fífldirfska hafi verið meginorsök þess efnahagsvanda sem íslensk þjóð glímir nú við. Þjóðin var bjartsýn og djörf og dáðist að velgengni sinni um tíma. Margir gleymdu sér og urðu viðskila við varúðina þar til um seinan. Vonandi læra þeir af mistökum sínum og finna varúðina aftur og hlusta á rödd hennar, því að þá vegnar þeim betur eins og segir í Orðskviðum Salómons 2:11:

„Aðgætni mun vernda þig
og hyggjindin varðveita þig,
til þess að frelsa þig frá vegi hins illa...“

Hér er bent á hve mikilvægar aðgætnin og skynsemin eru til þess að láta ekki fífldirfskuna ná valdi á sér. Þessi skoðun kemur fram í bæði ásatrú og kristinni trú, og í ofanefndri tilvitnun

í biblíuna kemur fram sú skoðun að varúðin og viskan séu nauðsynlegir förunautur til að öðlast farsælt líf.

Loks má ekki gleyma umgengni okkar hvert við annað. Ekki er hægt að gefa betri ráð varðandi kurteisi og tillitssemi við náungann, en skáldið Einar Benediktsson gerir í kvæði sínu Einræður Starkaðar, en þar segir meðal annars:

„Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt
aðgát skal höfð i nærveru sálar...“

Þetta er eins konar óður til varúðarinnar þar sem skáldið ræðir mikilvægi þess að sýna náunganum kurteisi og tillitssemi og vera varkár í orðum sínum og gerðum, en víða má finna dæmi þess bæði að fornu og nýju að óvarkárni í orðum og gerðum getur valdið miklum harmleikjum.

Ég ætla að lokum að segja frá atviki þar sem varúðin skipti sköpum fyrir dóttur mína. Þegar hún var um tvítugt var hún Íslandsmeistari kvenna í golfi 3 ár í röð. Hún var því einnig í kvennalandsliðinu og þurfti þá stundum að keppa með því á erlendri grund. Eitt sinn fóru landslið karla og kvenna í æfinga- og keppnisferð til meginlands Evrópu. Að keppni lokinni spilaði hópurinn við landslið eins landsins. Þar var þá ungur piltur, sem átti sportbíl sem faðir hans hafði gefið honum. Þegar að því kom að fara aftur til Íslands vildu gestgjafarnir sjá um akstur á flugvöllinn, þar á meðal pilturinn í sportbílnum. Hann vildi endilega að dóttir mín kæmi með sér og sæti í framsætinu við hlið hans. Hún afþakkaði, og til að taka af skarið varðandi þetta fór hún upp í annan bíl. Annar farþegi fór með piltinum í sportbílnum. Á leiðinni út á flugvöll missti pilturinn vald á sportbílnum með þeim afleiðingum að farþeginn við hlið hans fórst, en sjálfur slasaðist pilturinn alvarlega.

Skömmu eftir að dóttir mín kom heim spurði ég hana af hvaða ástæðu hún hefði ekki viljað fara með piltinum í sportbílnum. Hún svaraði: „Ég treysti honum ekki. Mér fannst hann ekki vera nógu varkár.“ Hún var þá 19 ára.

Þorsteinn Sv. Stefánsson

Aldarafmæli frímúrararastarfs á Íslandi



Það var eins og stryki um störina hugljúfur kliður,
 stundin var heilög, hér ríkti hinn einlægi friður,
 og rétt meðan heiðbjörtu ljósin, upp himininn skarta,
 á heimili alfyrstu bræðranna, skínandi bjarta,
 vaknaði gleðin, því al-íslenskt fræ tók að glæða,
 í gló-björtu vori, í þörf þess, í þekkingu fræða.
 Í upphafi starfsins, var einhugur til þess að veita,
 undrandi bræðrunum kjark, til að byrja að leita,
 í trú, von og kærleika kusu nú bræðurnir vinna,
 í krafti frá höfundi lífsins, því takmarki sinna,
 að alfyrsta, íslenska stúkan, upp vaxi og dafni.
 svo ungir og árvakrir bræður, til þekkingar safni.
 Í íslensku mannlífi æfaforð menning tók vekja,
 máls á því hvernig má dyggðir, og kærleika, rekja,
 til hughrifa þeirra, sem vilja með hjartanu vinna,
 og hafa þann kjark, sínum mannkostum einarðir sinna,
 og erlenda fræið, sem kom hér í íslenska foldu,
 fann það, hvað gott var, að vaxa í þessari moldu.
 Ungir og árvakrir bræður og meistarar brúa,
 bil það, sem aðskilur þá, sem á kærleika trúa,
 hendur, sem tengjast, með trausti, og staðfestu veita,
 því táknmálið umvefur bræður, sem sannleikans leita,
 með trú, von og kærleikans vopn, og í konungsins liði,
 komum við saman, og leitum, að ljósi og friði.
 Í árána tíð, hefur tíminn, með kærleika sannað,
 í táknmáli reglunnar, viskubrunn þekkingar kannað,
 að bræðranna tengiband, keðjunnar, traustlega gefur,
 trúfesti þeim, sem ljósið og sannleikur vefur,
 í fundarlok, meistari, ferðabæn hljóðlega biður,
 að fögnuður bræðrunum fylgi, og einlægur friður.

Sigurjón Ari Sigurjónsson

Skrifstofutæki

fyrir öll fyrirtæki



RICOH

Mikið úrval ljósritunarvéla,
prenturum og skönnum
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við
getum gert fyrir þig



ROSENGRENS

Öryggis-og peningaskápar



BISLEY

Skjala-og skrifstofuskápar

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



Séra Hjálmar Jónsson.



Jón Sigurðsson.



Séra Örn Bárður Jónsson.

Hagyrðingar á heimavelli

Það þarf ekki að koma neinum á óvart að innan Frímúrara-reglunnar er að finna ótal hagyrðinga, og fjölmörg eru dæmi þess að fundargestir fái að njóta þess við bróðurmáltíðir.

Mörgum er minnstæður fyrir þessar sakir fundur í Landsstúkunni á VIII^o hinn 20. nóvember sl. sem Dróttseti SMR, br. Jón Sigurðsson stjórnaði. Á fundinum ávarpaði hann Sigurð Örn Einarsson, fyrrverandi SMR, sem „SMR Emiritus“. Sigurður þakkaði fyrir og sagði bræðrunum jafnframt frá því að hann vildi að þeir vissu að „hann lifði nokkuð tvöföldu lífi“. Bræðurnir urðu við þetta hugsu, en Sigurður gaf þeim útskýringuna að hann dveldi tvisvar á ári í 6–8 vikur í senn í Flórída ásamt eiginkonu sinni, og þess á milli hér heima.

Strax að loknum orðum Sigurðar var séra Hjálmar Jónssyni gefið orðið til að ávarpa vígsluþegana en hann byrjaði á því að fara með eftirfarandi ferskeytlu til Sigurðar:

Emeritus friðinn fann
og friðar okkur það.
Tvöföldu lífi lifir hann
og lætur sig hafa það.

Br. Jón Sigurðsson var mjög kvefaður á þessum fundi og þurfti oft að ræskja sig og flutti Hjálmar honum eftirfarandi:

Lagði hönd á helga bók
og hafði á sér lykla.
Drottin gaf og Drottinn tók
djúpa rödd og mikla.

Br. Jón svaraði hratt og vel fyrir sig á þennan hátt:

Sál mín getur létt sér lyft
og leikið himna milli
eftir Hjálmars andagift,
orðagnótt og snilli.

Og þetta er ekki einsdæmi. Br. Sigurður hafði á öðrum fundi, ánægður með alla framkvæmd fundarins, vitnað í erindi um hvernig fólk væri, þegar það sæti fundi, að stundum væri hugurinn alls ekki á fundinum heldur reikaði hann víða, en að téður fundur hefði verið svo góður að hann hefði „verið á fundinum allan tímann“. Af þessu tilefni orti ÆKM Reglunnar, Örn Bárður Jónsson, þá til hans:

Bróðir Sigurður oft fer á fund
fagnandi léttur í lund.
En var hann hér
-hugsum vér-
eða hugurinn farinn í sund?



Fotolia

Frelsið upplýsi heiminn

Frímúrarar í Frakklandi og Bandaríkjunum áttu hugmyndina að frelssstyttni í New York og lögðu hornstein hennar

Eitthvert þekktasta kennileiti heimsins er frelssstyttni í New York. Hvarvetna líta unndur frelss til ljóssins á hinum risastóra kyndli, sem haldið er í uppréttri hendi frelssstyttnar, sem stendur á Bedloe eyju við innsiglingu New York hafnar. Frímúrarar áttu mikinn þátt í sköpun þessa einstaka tákns um frelsi og umburðarlyndi.

Um sumarkvöld árið 1865 hittist hópur Frakka á heimili hins dáða bókmenntamanns Edouard Rene de Laboulaye í úthverfi Parísar. Meðal viðstaddra voru Oscar og Edmont Lafayette. Þeir voru sonarsynir hins nafntogaða Lafayette hershöfðingja úr bandaríska frelssstríðinu, sem var frímúrarabróðir Georges Wash-

ington, fyrsta forseta Bandaríkjanna. Í hópnum voru einnig Henry Martin, þekktur sagnfræðingur og franskur frímúrarari, og jafnframt ungur listamaður frá Colmar, að nafni Frederic Auguste Bartholdi, sem síðar varð einnig frímúrarari. Í samræðunum viðraði Laboulaye þá hugmynd að það væri tilvalið táknið allra frelssiselskandi Frakka um vináttu við Ameríku að færa þeim veglegan minnisvarða.

Þótt hugmyndin um minnisvarða hafi ekki verið endanlega formuð ákvað hópurinn árið 1871 að Bartholdi færi til Ameríku og gerði nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hægt væri að afhenda minnisvarðann þann 4. júlí 1876, á eitt hundrað ára afmæli sjálf-

stæðisyfirlýsingarinnar. Verkefnið tók þó lengri tíma en svo að það tækist.

Þar sem Bartholdi stóð á þilfari farþegaskipsins á siglingu inn New York flóann sá hann fyrir sér mikilfenglega gyðju, sem héldi á loft kyndli í annarri hendi og byði alla velkomna til lands frelss og tækifæra. Bartholdi setti þá þegar frumdrög sín að frelssstyttni á blað og urðu þau nánast endanleg mynd hennar. Það var metnaður hans að þetta táknræna mannvirki yrði svo gríðarstórt að það myndi jafnvel gnæfa yfir turn Prenningarkirkjunnar, sem þá var hæsti hlutinn af ásýnd New York borgar.

Bartholdi snéri aftur til Frakklands árið 1874 og hófst handa við verkið.

Fyrirmynd andlits frelssisstyttunnar var móðir hans, Charlotte Beysser Bartholdi. Fransk-amerísku samtökin voru stofnuð í París til að afla fjár til styttnar, sem upphaflega var nefnd „La Liberté Éclairant Le Monde“ eða „Frelsi upplýsi heiminn“. Ekki er ósennilegt að vegna þess hve margir stuðningsmenn fransk-amerísku samtakanna voru frímúrarar hafi tekist í söfnunarátaki undir forustu Henri Martin að afla einnar milljónar franskra franka til verksins. Það var síðan á afmælisdegi George Washington 1877 sem Bandaríkjaþing, í nafni Bandaríkjanna, þáði styttna að gjöf frá frönsku þjóðinni. Að ráði Hayes forseta Bandaríkjanna var henni valinn staður á Bedloe eyju.

Blaðaútgefandinn Joseph Pulitzer stóð fyrir söfnun fyrir fótstalli styttnar og 5. ágúst 1884 var ákveðið að leggja hornstein að honum og til þess var fengin Stórstúka New York ríkis, eins og hæfði tilefninu. George Washington forseti hafði sjálfur lagt á sínum tíma hornstein að þinghúsi Bandaríkjanna (Capitol) í hátíðlegri, formlegri frímúrarathöfn, sem framkvæmd var af Stórstúku Maryland-ríkis þann 18. september 1793. Þaðan í frá komst á sú hefð í Bandaríkjunum að hornsteinar opinberra bygginga og minnisvarða væru vígðir samkvæmt síðum frímúrarara.

Hornsteinn frelssisstyttunnar var lagður 5. ágúst 1884. Þann dag helligndi, en samt sem áður var athöfnin framkvæmd samkvæmt áætlun. Þjóðsöngur Frakka, La Marseillaise, var leikinn og á eftir hið vinsæla lag Hail Columbia. („The star-spangled banner“ varð ekki þjóðsöngur Bandaríkjanna fyrr en 1931, þótt ljóðið hafi verið samið 1814).

Við norð-austur horn fótstallsins, þar sem hornsteininn átti að leggja, hófst vígsluathöfnin. Br. Richard M. Hunt, aðalarkitekt fótstallsins, afhenti embættismönnum stúkunnar verkfærin. Þá var lesin upp skrá um innihald koparhólksins sem settur var í hornsteininn: Eintak af stjórnskrá Bandaríkjanna, kveðjuávarp George Washington; 20 minnispeningar úr bronsi um Bandaríkjaforseta (þar með taldir Washington, Monroe, Jackson, Polk, Buchanan, Johnson og Garfield, sem allir voru frímúrarar); eintök dagblaða New York borgar; andlitsmynd af August Bartholdi; eintak af „Ljóð um frelsi“ eftir E.R. Johnes; og listi á



Fotolia

pergamenti yfir frímúrarara í Stórstúku New York ríkis. Eftir að hornsteininn, hafði verið prófaður samkvæmt hefðinni og úrskurðaður hornréttur, lauk stólmeistari verkinu með því að setja múrblöndu á steininn og lét hann síga tryggilega á sinn stað, sló síðan þrjú högg með hamri og lýsti því yfir að steinninn væri rétt lagður. Embættismenn afhentu síðan tákningar gjafir, korn, vín og olíu.

Frelssisstyttan var send í pörtum frá París til Bedloe eyju og kom þangað í júní 1885. Það tók 15 mánuði að raða saman 225 tonnum af kopar, stáli og járn, en burðarvirkið var hannað

af Gustave Eiffel. Styttan var vígð 28. október 1886 og var dagurinn formlega útnefndur frídagur í New York borg.

Frelssisstyttan reyndist vera jafnstörfengleg og draumur skapara hennar.

Ólafur G. Sigurðsson

Þýtt, endursagt og stytt úr grein í The Empire State Mason, haust 2011: „Masons to observe 1884 Cornerstone Anniversary“



Halldór S. Magnússon á göngu sinni á Jakobsvegi, pílagramaleiðinni til Santiago de Compostella á Spáni.

Pílagramaganga – endir eða upphaf?

Pílagramagöngur hafa um langan aldur verið farnar víðs vegar um heiminn af mönnum og konum á öllum aldri og fjölmörgum trúarbrögðum. Algengastar eru þær meðal kaþólskra manna en þekkjast einnig meðal gyðinga, búddista, hindúa, múslima og lútherskra.

Ástæður þess að menn leggja á sig langar pílagramagöngur og stundum erfiðar geta verið margvíslegar. Á miðöldum voru menn einkum að sækjast eftir syndaflausn sem gjarnan fékkst í Róm eða annarri þeirri borg þar sem finna mátti minjar um dýrlinga. Oft var frumkvæði að göngunni hjá pílagramum sjálfum, en stundum var hún uppálögð af andlegum eða veraldlegum yfirvöldum. Einnig gat gangan verið hluti af sátt milli manna sem átt höfðu í deilum. Meðal þekktra Íslendinga sem fóru í pílagramagöngu á miðöldum eru Sturla Sighvatsson, sem fór til Rómar að bæta fyrir misgjörðir sínar við Guðmund biskup góða og Guðríður Þorbjarnardóttir sem gekk til Rómar eftir heimkomu af Grænlandi.

Nú á tímum getur hvati manna til pílagramagöngu verið margvíslegur.



Tákn Jakobsvegar er hörpuskel. Leiðin er öll vörðuð þessu tákn.

Til að öðlast syndaflausn, til að sættast við sjálfan sig og aðra, til að koma jafnvægi á líf sitt og/eða hugsun, eða kannski nýta sér aðstöðu til göngu í

fallegu umhverfi þar sem ríkir ró og friður.

Í vesturhluta Spánar norðan við Portúgal er borgin Santiago de Compostela. Þar var reist vegleg kirkja til heiðurs heilögum Jakobi Zebedeusyni, einum lærisveina Jesús. Hann er verndardýrlingur Spánar sem talið er að hafi stundað trúboð á Spáni áður en hann var líflátinn í Jerúsalem árið 43 e.kr. Hann og helgisögnin um hann er tilefni Jakobsvegarins (Camino de Santiago), sem liggur frá löndunum norðan við Spán, vestur allan Spán og endar í Santiago de Compostela. Jakobsvegurinn er sennilega fjölfarnasta pílagramaleiðin nú á dögum. Síðustu ár hafa 100-200 þúsundir pílagrama gengið Jakobsveginn á hverju ári, lengri eða skemmri hluta hans. Jakobsvegurinn endar í Santiago de Compostela en hefst þar sem pílagramurinn lagði af stað. Það getur verið innan Spánar, í Frakklandi eða hvaða öðru landi sem er. Leiðirnar liggja hver úr sinni átt en sameinast flestar þegar kemur inn í Spán. Vegalengdin innan Spánar er um 740 km.

Þegar pílagramur kemur til Santiago liggur leið hans í dómkirkju heil-

ags Jakobs að altari kirkjunnar þar sem er stórt líkneski af Jakobi. Síður er að ganga bak altarinu og aftur fyrir líkneskið þar sem menn geta vafið það örmum og/eða kysst það. Síðan eða áður heldur pílagrímurinn niður í kjallarann undir altarinu en þar er gróf heilags Jakobs. Þá lýkur göngu hans.

Fyrir frímúrara sem leggja leið sína til kirkju heilags Jakobs er áhuga-vert að sjá að á framhlið kirkjunnar er kriststákn þar sem stafirnir alfa og omega (upphaf og endir) sjást, eins og reyndar má sjá víða í kirkjum hvar sem er um heiminn. Hér eru stafirnir hins vegar í öfugri röð miðað við það sem venjulega er, eða omega og alfa (endir og upphaf). Þetta er gert til þess að leggja áherslu á að endir vegarins til Santiago merkir nýtt upphaf, nýtt líf

hefjist upp frá þessum degi.

Við hjónin höfðum lengi haft áhuga á því að ganga Jakobsveginn og létum verða af því á síðasta ári. Við héldum af stað 1. maí og gengum á 12 dögum frá Leon til Santiago de Compostela, sem er um 320 km leið. Þess ber þó að geta að suma dagana styttum við gönguna og tókum strætisvagn hluta leiðar. Það er auðvelt að gera þegar gangan reynist full löng eða eitthvað bjátar á. Leiðin lá um hlíðar og hæðir mestan partinn í 600 til 1.000 metra hæð yfir sjó en fer hæst í 1.300 metra. Þar sem gengið er ofan úr fjöllum og niður í átt að sjó liggur leiðin aðallega niður á við, þó að eðlilega sé suma daga farið nokkuð upp og niður. Göngustígar eru vel merktir með hörpuskel en hún er einkennismerki Jakobsvegar. Á leiðinni hittum við fjölda göngumanna af

mörgum þjóðernum og í hvert skipti heilsa menn hverjir öðrum með kveðj- unni: „Bon Camino!“ eða góða vegferð. Þetta er þægileg gönguleið sem liggur bæði um hlíðar og engi en líka í gegn um skóg. Við fengum milt veður, hent- ugt fyrir göngu, stundum sól, stundum rigningu.

Ég get óhikað mælt með göngu á Jakobsvegi fyrir hvern sem er. Auð- velt er að sníða sér stakk eftir vexti, hver og einn getur gengið eftir því sem honum hentar, en allir notið fall-egrar náttúru og friðar og vinsemdar sem þar ríkir. Hver sem ástæðan kann að vera fyrir því að menn fari í pílagríma- göngu finnst mér ósennilegt að hún færi menn ekki nær ljósi og sannleika.

Halldór S. Magnússon

Gamla myndin



Regluheimili sem aldrei var byggt á Melatorgi


Frímúrarareglan sótti um lóð fyrir Regluheimili við Melatorg í Reykjavík árið 1947 og samþykkti bæjarráð Reykjavíkur 14. febrúar það ár að gefa Frímúrarareglunni kost á leigulóð á þeim stað. Byggingafrestur var tiltekinn til 1. mars 1948. Áður höfðu verið uppi hugmyndir um byggingu Regluheimilis við Fríkirkjuveg sem hætt var við. Ekki var tekin hefðbundin fyrsta skóflustunga á Melatorgi, heldur var boruð hola í suð- vesturhorn lóðarinnar og komið fyrir sprengjum í henni. Forseti yfirstjórnar Frímúrarareglunnar á Íslandi, Ólafur Lárusson prófessor, tendraði síðan sprengjuna

og gaus þá úr holu sem var sem næst einn fermetri að flatarmáli. Myndin er tekin við þetta tækifæri.

Síðar á árinu synjaði svo fjárhagsráð ríkisins Reglunni um heimild til framkvæmda á lóðinni og framkvæmdir stöðvaðar þrátt fyrir að byggingarefni hafi verið til staðar og fjármunir tryggðir til framkvæmdanna.

Nokkrum árum seinna keypti Reglan svo gamalt verksmiðjuhús við Borgartún og gerði að Regluheimili.

Ljósmyndina tók Vigfús Sigurgeirsson.



Árásin á Bastilluna í París 14. júlí 1789.

Doktor Guillotin var maður heilinda og réttisýni

Nafn Guillotins verður ætíð samofið fallöxinni þótt það sé ekki maklegra en viðurnefnið sem gefið var Jóni Þjófi þegar stolið var frá honum.

Að vísu er afhöfundartækið, sem varð táknmynd frönsku byltingarinnar, ekki kennt við hinn ágæta frímúrara og mannvín Joseph Ignace Guillotin í hinu myndríka máli íslensku. Heitið Giljotín á fallöxi gat aldrei skotið rótum hér fremur en Farmall á dráttarvél – og var þó Farmall fluttur inn til landsins en Giljotín ekki!

Af þessari ástæðu er ekki eins rík ástæða til að rétta hlut Guillotins hér á landi og víða annars staðar þar sem nafn hans vekur jafnvel meiri hroll



en nöfn blóðþyrstustu byltingarleiðtoga.

Hér verður Guillotin fremur sagnfræðilegt viðfangsefni vegna starfa hans í Reglunni.

Doktor Guillotin hannaði ekki fallöxina. Við skulum hafa það á hreinu strax. Hann var heldur ekki líflátinn í þess konar tæki. Hvort tveggja eru þjóðsagnir sem eiga ekki við rök að styðjast.

Guillotin nam hugvísindi og guðfræði áður en hann söðlaði um og gerðist læknir. Hann opnaði læknastofu í París og naut velgengni, raunar svo að hann varð prófessor í læknisfræði.

Hann fann til í stormum sinnar tíðar og gerði þá róttæku kröfu árið 1788 að lögstéttirnar þrjár fengju jafnan kosningarétt. Tillagan hafði gríðarmikil áhrif og í einni svipan fékk þriðja stéttin hreinan meirihluta. Hann hafði því ekki lítið um það að segja að völd aðalsins og klerkanna fóru þverrandi.

Guillotin varð formaður heilbrigðisnefndar þegar hann var kosinn á þing (Comité de Salubrité) og sá til þess að góðgerðarmál í þágu fátækra væru ávallt á dagskrá.

Sem stjórnmalamaður mælti Guillotin fyrir ýmsum þjóðþrifamálum sem hlutu því miður að drukkna í því pólitíska umróti sem fylgdi árásinni á Bastilluna. Hann var til að mynda andvígur dauðarefsingu og barðist hatrammri baráttu fyrir afnámi hennar en það bar ekki árangur. Af mannúðarástæðum mælti hann þá með aftökutæki sem væri skjótvirkt og sársaukalaust í stað misjafnlega brýndra handaxa í höndum misjafnlega drukkinnna böðla. Tillaga hans fékk hljómgrunn þar sem mæta þurfti aðkallandi þörf á skilvirkri lausn til að framfylgja öllum þeim dauðadómum sem kveðnir voru upp í nafni byltingarinnar.


Doktor Antoine Louis var falið að endurhanna og -bæta fallöxi sem hafði verið í notkun frá því snemma á sextánda öld. Guillotin átti engan þátt í því. Hann var hins vegar viðstaddur þegar fyrstu tilraunirnar voru gerðar með því að höggva höfuðið af kindum og látnum mönnum í þess konar tæki.

Í apríl 1792 var fallöxin notuð fyrsta sinni opinberlega.

Guillotin var ekki viðstaddur. Hann horfði aldrei á mann hálshöggvinn í fallöxinni. Níðkvæði var birt í bæklingnum Les Actes des Apôtres (Gjörðir postulanna) þar sem nafn hans var tengt við fallöxina (Madame Guillotin). Nýr texti var saminn við þekkt jólalag þar sem lagt var út af tillögu Guillotins um eitt atkvæði per höfuð. Gert var smekklaust grín að þessari þýðingarmiklu tillögu hans og þar með varð nafn hans um alla eilífð tengt fallöxinni.

Honum gramdist þetta mjög en tilraunir hans til að hreinsa nafn sitt voru til einskis.

Guillotin gerði miklar siðferðiskröfur til sjálfs sín og annarra. Árið



Marie Antoinette var dæmd til dauða í frönsku byltingunni og tekin af lífi með fallöxi 16. október 1793.

1761 var hann tekinn upp í frímúrararastúkuna la Parfaite Union í Angoulême 23 ára að aldri og tíu árum síðar í Saint Lazare du Contrat Sociale í París en hann var virkur í mörgum Parísarstúkum. Í Neuf Soeurs tengdist hann mörgum helstu frammámönnum borgarinnar á sviði mennta, lista og vísinda. Meðal bræðra má nefna Voltaire og bandarískan erindreka að nafni Benjamín Franklín.

Frímúrararastarfið í Frakklandi var fremur laust í reipunum á þessum tímum og meðan ógnarstjórnin var við völd lagðist það opinberlega af. Bræðurnir héldu tengslunum í mismunandi samtökum sem störfuðu í anda frímúrarara svo að lítið bæri á. Guillotin skráði sig í stjórnmalahreyfinguna Les Feuillants sem var hópur Jakobína sem aðhylltist þingbundna konungsstjórn enda kölluðu þeir sig Amis de la Constitution. Brátt voru þeir allir komnir á skrá yfir grunaða andbyltingarsinna og samtökin leystust upp.

Guillotin var kunningi og starfsbróðir Jean-Paul Marat. Þegar hann var myrtur flúði Guillotin til Arras og varð lækningaforstjóri á spítala í Saint-Vaast. Hann sneri aftur til Parísar 1796. Þá var búið að höggva höfuðið af Robespierre í fallöxinni, ógnarveldið var á enda og frímúrararastarfið í París að hefjast á nýjan leik.

Guillotin var boðið embætti í Neuf

Soeurs en hann afþakkaði og kaus að vera óvirkur.

Ýmislegt bendir til að Guillotin hafi á löngum ferli sínum innan Frímúrarareglunnar haft sig fremur lítið í frammi en látið þeim mun meira að sér kveða að tjaldabaki. Verka hans sér víða stað í frímúrararastarfinu í Frakklandi en hann vann sleitulaust að því að sameina bræður, brúa bil og bera klæði á vopn. Hann naut virðingar reglubræðra, var mannasættir og þótti úrræðagóður enda kjörinn til að gera úrbætur á Reglunni í Frakklandi ásamt öðrum skilríkum bræðrum á tímum upplausnar og flokkadrátta.

Hann helgaði sig læknisstörfum eftir byltinguna og uppbyggingu heilbrigðiskerfis. Vorið 1800 var hann til dæmis kjörinn formaður nefndar um bólusetningu gegn kúabólu.

Guillotin lést úr miltisbrandsýkingu 26. mars árið 1814 og liggur grafinn í kirkjugarðinum Père-Lachaise. Á legsteininum stendur „Vir integrus“. Hæfir það minningu hans vel en fallöxin hæfir henni illa. Doktor Guillotin var maður heilinda og réttsýni, hafði til að bera óbifanlegt siðferðisþrek og staðfasta trú á guð, konungdæmið og læknisfræðin.

Þór Jónsson

Unnið upp úr grein í sænska blaðinu Frimuraren, nr. 2, 2011



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Fágætt stúku- einkenni frá Skotlandi

Minjasafn Reglunnar á margt fágætra stúkueinkenna, en meðal annars stúkunnar „The Lodge of Glasgow St. John nr. 3 bis“, sem er talin stofnuð af Malcolm III. konungi Skota um 1057. Fyrri kona Malcolm III. var Ingibjörg Finnsdóttir jarls af Orkneyjum, en um hana má lesa í Orkneyjar-sögu.

Þessi stúka var múrarágildi þ.e.a.s. félag handiðnaðarmanna sem m.a. reisti dómkirkjuna í Glasgow á 11. öld og starfaði áfram þar í borg sem iðnaðarmúr-arafélag fram til 1850. Þá fyrst gengur hún í stórstúkuna skosku og breytist í frímúrarastúku og var tekin upp 1875. Merkið þótti of þungt og klunnalegt og er þess vegna ekki notað lengur. Þetta er eitt af örfáum merkjum sem enn eru til en bróðir Sveinn Kaaber fékk þetta merki að gjöf er hann heimsótti stúkuna 1969.

Dómkirkjan í Glasgow varð oft fyrir áföllum í gegnum aldirnar, en til eru gögn um stúkuna St. John nr. 3 sem sýna að þeir iðnaðarmúr-arar hafa ávallt verið til staðar ef gera þurfti við dómkirkjuna. Árið 1115 var kirkjan illa farin og var

gert við hana. 1133 var hún nánast endurgerð og 1181 varð hún eldi að bráð, enn á ný byggðu félagar St. John nr. 3 dómkirkjuna á ný. Ár hvert er haldin messa í dómkirkju Glasgowborgar stúkunnar St. John nr. 3 til heiðurs.

Árið 1717 stofnuðu fjórar gamlar stúkur í London ensku stórstúkuna. Skoska stórstúkan var stofnuð nokkrum árum seinna. Gömlu skosku stúkurnar eru samt taldar miklu eldri en stúkurnar í London.

Stúkumerkið er úr látúni og húðað með gulli. Fyrir ofan skjöldinn er krossmark, þrjú þrep og lambið, merki Jóhannesar skírara, og örninn merki Jóhannesar, ritningamannsins. Lambið lítur aftur fyrir sig, til hans sem á að koma. Efst á fletinum er alsjáandi auga, síðan innsigli ensku stórstúkunnar, konungsskjaldarmerkið með ljóni og St. Andrésar krossinn og þistillinn, merki Skotlands. Síðan kemur merki Glasgowborgar. Biskupsmynd er í miðju. The tree that never grew, the bird that never flew, the bell that never rang, and the salmon that never swam.



Frá Minjasafni Reglunnar

*Einar Thorlacius
minjavörður*





Það var létt yfir þessum erlendu bræðrum á Regluhátíð 2013. Knut B. Teige frá Noregi, Massimiliano Flumini frá Ítalíu og Giuseppe Romeo frá Ítalíu.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Jákvæðni: Mikilvægasta hráefni lífshamingjunnar

Í stúkustarfinu stöðvast tíminn, ytra áreiti hverfur og við finnum okkur í þægilegum félagsskap manna með sameiginleg markmið. Í stúkuna okkar komum við í jákvæðum tilgangi. Því hlýtur eðli málsins samkvæmt að fylgja samskiptum okkar og samveru jákvæðni.

Jákvæðni er mörgum hugleikin, og sumir halda því fram að hún sé eitt af mikilvægustu hráefnum lífshamingjunnar. Merkillega nokk eru það þó ekki bara kenningar, heldur fullsannaðar staðreyndir að leitin að jákvæðninni í lífi okkar getur verið æri strembin.

Ekki er það af því að við eigum svo bággt eða séum svo neikvæðir og leiðinlegir, heldur af því að við erum hreinlega mótaðir þannig líkamlega af þróunarsögunni. Neikvæðni var okkur

mikilvægur eiginleiki til þess að lifa af, varast hættur og halda okkur vakandi gagnvart öllu því sem ógnað gat tilvist okkar. Með öðrum orðum er neikvæðni innbyggt sjálfsvarnartól sem hjálpað hefur manningum að lifa af í gegnum aldirnar og árþúsundin við oft erfiðar ytri aðstæður.

Við sendum mælanlega sterkari viðbrögð við neikvæðum hlutum í gegnum heilann, og þurfum að hafa mun meira fyrir því að muna og varðveita jákvæða hluti. Við þurfum hreinlega að hugsa um þá lengur og fastar til þess að þeir fái pláss í hillu í kollinum á okkur. Þetta kalla sálfræðingar neikvæðniskekku, eða Negativity Bias.

Rannsóknir sýna sem sagt að neikvæðar hugsanir festast á heilann á

okkur eins og límdar með frönskum rennilási, en þær jákvæðu festast síður, líkt og heilinn sé klæddur teflonhúð til varnar þeim. Þetta er svolítið merkilegt, og krefst þess að við séum meðvitaðir um þessa skekkju til þess að að geta unnið okkur í kringum hana, og þar með orðið jákvæðari sjálfir og haft góð áhrif á umhverfið í kringum okkur. Sem dæmi um þetta má nefna að við munum hrós að meðaltali í 3-4 daga, en getum munað neikvætt tiltal í marga mánuði. Reyndar segja sumir sérfræðingar að við þurfum að viðhalda hlutfallinu 1:5 í jákvæðum samskiptum við annað fólk til þess að troða marvaða, og meira þarf til ef við ætlum okkur að beinlínis að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar. Við þurfum sem sagt að vera fimmfalt jákvæðari en við erum

neikvæðir til þess að vera hlutlausir í augum fólksins sem umgengst okkur.

Og rannsóknir á mannsheilanum sýna líka að við notum þessar rökrásir óspart í allri okkar ákvarðanatöku. Við tökum sennilega ekki tilboði um að kasta upp peningi um hvort við vinnum 15 þúsund krónur eða töpum 10 þúsund. Ástæðan er sú að okkur þykir mun verra að sætta okkur við að tapa lægri upphæðinni en það gleður okkur að vinna þá hærrí. Önnur afleiðing þessarar virkni mannsheilans er að við hræðumst hluti í vitlausu hlutfalli við staðreyndir og rök, erum hræddir við hákarla eða flug, en keyrum rólegir og óhræddir um í bílunum okkar sem eru líklegri til að verða okkur að voða.

Eitt ráð þykir gott til þess að vinna á móti þessum hvötum, og það er að setja það sem okkur finnst neikvætt í samhengi við aðra hluti í lífi okkar. kannski þegar við erum búnir að telja upp á hundrað eða margfalda 24 með 17. Til dæmis, vegur sú staðreynd að nágranninn hafi lagt bílnum sínum illa lítið á móti því að við eigum góða fjölskyldu og vini í kringum okkur. Þegar við stillum hlutum upp í samhengi og lítum á stóru myndina, sjáum við fljótt

hvað það er sem borgar sig að vera neikvæður yfir og hvað ekki.

Einnig er það talið mikilvægt að vanda allt tal okkar innan um annað fólk. Fólk sem vill meðhöndla jákvæðnina er hvatt til að segja ekki neikvæða hluti um annað fólk. Ekki bara af virðingu við þá sem talað er um, heldur til að okkur líði sjálfum betur, því að sannanlega hefur neikvætt umtal okkar sjálfra neikvæð áhrif á okkur. Við eitrum fyrir okkur sjálfir, sem getur varla talist gáfulegt.

Hvernig tengist þetta allt saman svo frímúrarastarfinu, kynni einhver að spyrja.

Jú, niðurstaða mín úr þessum vangaveltum er nefnilega sú að við þurfum meiri aga og vinnu til að halda okkur frá löstum en til að stunda þá. Vanti okkur frekari ástæður til góðrar ástundunar innan Reglunnar, þá er hér komin sterk tenging við nútíma rannsóknir á eðli mannsheilans.

Auðvitað koma til innræti okkar og ytri aðstæður, en staðreyndin er engu að síður sú að ef við viljum beita okkur í mannræktarstarfi, þá nægir okkur ekki að leyfa heilanum í okkur að ganga lausagöngu og gera það sem

hann er vanur að gera og vill gera. Við þurfum að aga hugsunarhátt okkar og stunda reglulegar andlegar hugaræfingar til þess að vinna bug á meðfæddri skekkju í eðlisfari okkar.

Jákvæðnin hjálpar okkur að berjast við lesti okkar, því séum við sáttir með okkar hlutskipti í lífinu og jákvæðir gagnvart þeim blessunum sem okkur hafa verið veittar, ef við kunnum að gjöra þakki, þá erum við síður líklegir til að verða gráðugir og afbrýðisamir. Þar að auki ber jákvæðni með sér sinn eigin þokka, sem er smitandi, og kannski eitt af því fáa sem gott er að láta smita sig reglulega af.

Við eigum alls staðar, í þeim þúsundum og aftur þúsundum flókinna aðstæðna, sem lífið leiðir okkur inn í, að leita hins góða og forðast hið illa og auðvirðilega, elska hið drengilega og göfuga, varast hið lággkúrlega, halda fast við það sem hefur varanlegt og óförgengilegt gildi, og láta hið hverfula og einskisverða lönd og leið. Jákvæðni er sennilega mjög mikilvægt vopn til þessara verka, sem við ættum að reyna að nota óspart.

Pétur Jónsson



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá Grand Hótel Reykjavík leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkonnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Stofnfundur St. Jóh.st. Akurs 1973



Stofnendur Akurs 25. mars 1973. Á myndinni eru í fremri röð frá vinstri: Gunnar Bjarnason, Sigurður S. Vigfússon, Þorvaldur Þorvaldsson, Guðmundur Sveinsson. Í aftari röð frá vinstri: Hallgrímur V. Árnason, Jón Eiríksson, Óli Örn Ólafsson, Björn H. Björnsson, Níels R. Finsen.



Hér má þekkja eftirfarandi bræður: Magnús Guðmundsson, Magnús Thorlacius, Karl Guðmundsson, Árna Snævarr, Þorvald Þorvaldsson, Víglund Möller, Elías Halldórsson, Vilhjálmm Jónsson, Guido Bernhöft, Ásgeir Þ. Magnússon, Svein Kaaber, Sigurð Vigfússon, Helga Valdimarsson og Pétur M. Maack.



Á þessari mynd má þekkja m.a. Árna Snævarr, Þorvald Þorvaldsson, Víglund Möller, Elías Halldórsson, Vilhjálmm Jónsson, Guido Bernhöft, Ásgeir Þ. Magnússon, Svein Kaaber, Sigurð S. Vigfússon og Jón Eiríksson.

Ljósmyndir: Vigfús Sigurgeirsson



*Felumynd af veiðimanni þar sem sjá má Friðrik VII. ef vel er að gáð.
(Minjasafn Frímúrarareglunnar).*

Felumynd af Friðrik VII. Danakonungi á kráarvegg á Jótlandi

Friðrik VII. Danakonungur og Íslendinga (f. 1808, d. 1863), einn af mörgum nafntoguðum frímúrum í dönsku Reglunni, kom við sögu hér á landi beint og óbeint á pólitískum og þjóðfélagslegum tímamótum í kjölfar frönsku byltingarinnar, hann sem hafði sama og engan áhuga á stjórnmalum.

Þegar hann dansaði við fegurstu

stúlkuna í Reykjavík sumarið 1834, þá nefndur Friðrik Karl Kristján ríkiserfingi eða rétt og slétt prinsinn, gat hann hvorki órað fyrir að hann ætti eftir að leggja niður einveldi í Danmörku eða verða felukóngur á mynd á vertshúsi og af því tilefni umfjöllunarefni í tímariti sem íslenskir frímúrarar gæfu út næstum 180 árum síðar. Móttökurnar

hér voru víst ekki með neinum sérstökum menningarbrag enda var þá fátt fólk búsett í Reykjavík.

En víða liggja þræðir og því er um Friðrik VII. fjallað hér að Minjasafni Frímúrarareglunnar áskotnaðist ljósrit af teikningu sem hangir uppi á gistihúsinu Højkro í Højer á Suður-Jótlandi. Teikningin er af veiðimanni



Ýmsir hnykluðu brýnnar yfir einkalífi konungsins. Hann var þrígiftur en eignaðist ekki börn. Varð hann því síðasti konungur Dana af Aldinborgarætt sem ríkt hafði samfellt í 415 ár. (Rosenborg Slot).

við sumarhöll konungs á Jótlandi, Grásteini, en jafnframt er hún felumynd af konunginum.

Ljósritið fékk br. Björn H. Björnsson að gjöf árið 1967 eftir að hafa sótt fund í St. Jóh.st. Den faste Borg ved Alssund í Sønderborg þegar hann dvaldi skamma hríð við nám í Tinglev. Réttum 40 árum síðar gaf hann það Minjasafninu og lét fylgja útskýr-

ingu þar sem hann segist ungur og óreyndur hafa verið fenginn í forsjá br. Niels Juel Billum, yfirkennara frá Lögumkloster, sem hafi gefið honum teikninguna: „Fann ég glöggt að hún var gefandanum ákaflega hugleikin, mikils metin og gersemi raunar.“

Felumyndin er skemmtileg sem slík auk þess sem hún er eftirtektarvert tákni um hvernig ókunnir erlendir

frímúrarabræður geta sýnt ungum bræðrum í verki hlýhug og góðvild „sem aldrei líður úr minni“. En hún á sér þar að auki forvitnilega sögu sem rakin er í bréfinu sem br. Björn lét fylgja myndinni. Er þar ríft upp að Friðrik VII. var kallaður „hinn vinsæli“ því að hann var glaður og málreifur og lifði nokkuð friðsamlega þrátt fyrir umrót í þjóðlífinu og ýmsan vanda í einkalífinu.

„Það var hinsvegar eftir hans daga sem upp úr sauð og Danir töpuðu Suður-Jótlandi [í hendur Prússum] í stríðinu 1864. Og þá var svo komið að ekki mátti lengur hafa opinberlega uppi myndir af Danakonungum á þeim slóðum og mun því hafa verið brugðið á það ráð, sem meðfylgjandi mynd ber með sér, að teikna felumynd af konunginum og hengja upp á viðeigandi stað.“

Í Íslandssögunni er Friðriks VII. minnst fyrir þátt hans í sjálfstæðisbaráttunni. Eftir að hafa neyðst til að afsala sér einveldi á fyrsta ríkisstjórnarári sínu 1848 hét hann Íslendingum í hita leiksins, samkvæmt viðtekinni söguskoðun, að halda þjóðfund þar sem sérstök stjórnarskrá yrði samín fyrir landið. Þjóðfundurinn var haldinn 1851 en þá höfðu Danir fengið bakþanka og slitu fundi fyrirvaralaust í miðjum klíðum. Flestir fundarmanna hrópuðu þá í einu hljóði sem frægt varð: „Vér mótmælum allir“.

Hver veit nema Friðriki VII. hafi verið hugsað til Íslandsferðarinnar 1834 þegar hann lofaði Íslendingum stjórnarskrá? Hér naut hann sín ungu-ur ríkisarfi á ferðalögum, dáðist að náttúru landsins, dansaði við dóttur skósmíðsins og skaut spóa hjá Bjarna amtmanni Thorarensen. Ef til vill kippti hann sér ekkert upp við það þótt kóngur hefði sent hann hingað til að hegna honum fyrir að vera ekki fyrstu konu sinni trúur og nægilega tillitsamur.

Friðrik VII. lifði vissulega skrautlegu einkalífi en hann gat verið þungur á bárunni þegar hann vildi. Br. Björn H. Björnsson vitnar í gjafabréfi sínu til Minjasafnsins í Lademanns Lexikon þar sem segir: „Í Danmörku er unnið eftir svokölluðu sænsku frímúrarakerfi sem var tekið upp í stúkunni KOSMOS í Helsingør af Friðriki VII. konungi.“

Þór Jónsson tók saman



Sigurður Jóhann Sigurðsson, nýr R&K og nýskipaður Stjórnandi Meistari Stúartstúkunnar á Akureyri, ásamt Val Valssyni SMR og Einari Birni, fv. DSM.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

Stórhátíð um vorjafndægur

Stórhátíð Frímúrarareglunnar var haldin 21. mars sl. og sóttu 265 bræður hátíðina, sem haldin er á 8. stigi Reglunnar. Stórhátíð Reglunnar er jafnan haldin um vorjafndægur, en þá byrjar daginn að lengja og nóttin hopar. Þá er ríkulegt tilefni til að gleðjast yfir sigri ljóssins.

Á fundinum fluttu skýrslur um starfsemi liðsins árs Kristján Þórðarson IVR, Kristján Sigmundsson FHR og Þorsteinn Eggertsson St.R. Fram

kom m.a. að virkir bræður í Frímúrarareglunni á Íslandi eru núna tæplega 3.500.

Sigurður Jóhann Sigurðsson var vígður R&K og jafnframt var hann skipaður Stj. M. Stúartstúkunnar á Akureyri í stað Hallgríms Skaptasonar, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna. Við bróðurmáltíðina ávarpaði Einar Birnir fyrrverandi DSM hinn nývígða R&K.

Séra Örn Bárður Jónsson, ÆKR,

flutti ræðu á fundinum og ræddi m.a. um vísindi og trú.

Valur Valsson, SMR, flutti bræðrunum þakkir fyrir vel unnin störf á árinu, þakkaði sérstaklega þeim bræðrum sem luku störfum á starfsárinu og bauð nýja embættismenn velkomna. Valur fagnaði því sérstaklega að Gunnlaugur Claessen væri á ný tekinn við störfum Stallara Reglunnar og Oddvita Stúkuráðs.

Frá Stjórnstofu

Eftirtalдар breytingar urðu á skipan embætta í Æðstu stjórn Reglunnar og í Landsstúku Frímúr-arareglunnar á Íslandi, Stúartstúkunni á Akur-eyri og ráðum Reglunnar á Stórhátíð 21. mars 2013:



Það var fjölmenni á Stórhátíð 2013.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

1. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Gunnlaugur Claessen hefur á ný tekið við störfum Stallara Reglunnar og Oddvita Stúkuráðs.
2. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Hallgrímur Skaptason sem sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, hefur verið leystur frá embætti Stjórnandi Meistara Stúartstúkunnar á Akureyri.
3. Hæstupplýstur br. R&K.r.k. Sigurður Jóhann Sigurðsson hefur verið skipaður Stjórnandi Meistari Stúartstúkunnar á Akureyri.

Landsstúkan, embættisskipan:

4. Háttupplýstur br. r.p. Pálmi Matthíasson sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Yf.Km.
5. Háttupplýstur br. r.p. Hjálmar Jónsson sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Yf.Km.
6. Háttupplýstur br. r.p. Matthías Árni Jóhannsson sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með skipaður til þess að vera áfram Skjaldarvörður Reglunnar til næstu Stórhátíðar.
7. Háttupplýstur br. r.p. Paul Bjarne Hansen sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Skjalavörðar Reglunnar.
8. Háttupplýstur br. r.p. Halldór Baldursson er hér með skipaður til að vera Skjalavörður Reglunnar.
9. Háttupplýstur br. r.p. Magnús Ketilsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Búningavörður Reglunnar til næstu Stórhátíðar.
10. Háttupplýstur br. r.p. Anton Bjarnason, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Fylgdarmanns Stórmeistarans.
11. Háttupplýstur br. r.p. Sigurður Halldórsson er hér með skipaður til þess að vera Fylgdarmaður Stórmeistarans.
12. Háttupplýstur br. r.p. Guðjón Jónsson sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti Fylgdarmanns Stórmeistarans.
13. Háttupplýstur br. r.p. Ómar Þórðarson er hér með skipaður til að vera Fylgdarmaður Stórmeistarans.
14. Háttupplýstur br. r.p. Jónas Þórir Þórisson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með skipaður til að vera Söngstjóri til næstu Stórhátíðar.
15. Upplýstur br. Jón Friðsteinsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Skrásetjari til næstu Stórhátíðar.
16. Háttupplýstur br. r.p. Einar Esrason sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með skipaður til að vera A. Skdv. til næstu Stórhátíðar.
17. Háttupplýstur br. r.p. Helgi Viktorsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með skipaður til þess að vera Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
18. Háttupplýstur br. r.p. Brynjólfur Halldórsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna, er hér með skipaður til þess að vera áfram Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
19. Háttupplýstur br. r.p. Kristján Helgi Jóhannsson, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með skipaður Aðstoðar Búningavörður til næstu Stórhátíðar.
20. Háttupplýstur br. r.p. Smári Ólason, sem náð hefur hámarks starfstíma embættismanna er hér með leystur frá starfi Aðstoðar Söngstjóra.
21. Upplýstur br. Jón Kristinn Cortez er hér með leystur frá starfi Aðstoðar Söngstjóra að eigin ósk.

Stúartstúkan á Akureyri:

22. Háttupplýstur br. r.p. Sigurður J. Ringsted er hér með skipaður til að vera 1. vara Meistari stúkunnar, jafnframt er hann leystur frá embætti 2. vara Meistara.
23. Háttupplýstur br. r.p. Úlfar Hauksson er hér með skipaður til að vera 2. vara Meistari stúkunnar.
24. Upplýstur br. Sigmundur Sigmundsson er að eigin ósk leystur frá störfum A.Y. Stv.
25. Upplýstur br. Vilhelm Þorri Vilhelmsson er hér með skipaður til að vera A. Y. Stv.
26. Háttuppl. br. r.p. Valur Ingólfsson er hér með leystur frá embætti A. Sm. að eigin ósk
27. Upplýstur br. Gunnar B. Skarphéðinsson er hér með leystur frá embætti A. Sm.
28. Hæstlýsandi br. Ragnar Kristjánsson er hér með skipaður til þess að vera A. Sm.
29. Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Arnason sem náð hefur hámarks

starfstíma embættismanna er hér með leystur frá embætti A. E. Stú.

30. Upplýstur br. Viðar Þorleifsson er hér með skipaður til þess að vera A.E. Stú.

31. Upplýstur br. Ólafur Þ. Ólafsson er hér með skipaður til þess að vera Búv.

32. Upplýstur br. Sigurður Brynjar Þorláksson er hér með skipaður til að vera Búv.

Ráð Reglunnar**Fjárhagsráð**

33. Upplýstur br. Jón Eiríksson, sem lokið hefur skipunartíma sínum er hér með leystur frá störfum í Fjárhagsráði.

Stúkuráð

34. Háttupplýstur br. r.p. Ragnar Öndarson er hér með leystur frá störfum í Stúkuráði að eigin ósk.

35. Háttupplýstur br. r.p. Ingolf. J. Petersen er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2015.

36. Háttupplýstur br. r.p. Jóhann Heiðar Jóhannsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2015.

Fræðaráð

37. Háttupplýstur br. r.p. Gísli Benediktsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2015.

38. Háttupplýstur br. r.p. Bergur Jónsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2015.

39. Háttupplýstur br. r.p. Árni Leósson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2015.

40. Upplýstur br. Árni Gunnarsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2015.

41. Upplýstur br. Þórarinn Þórarinsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Fræðaráði til Stórhátíðar 2015.

42. Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Ólafsson er hér með skipaður ritari Fræðaráðs.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frimann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að
höndum*



Önnumst alla þætti útfararinnar

**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

MEIRI AFKÖST VIÐ BÓKHALDIÐ

Regla er nútíma viðskiptakerfi sem getur m.a. nýtt sér færslur frá bönkunum, sjálfvirkni og rafræn skil til þess að auka verulega afköst við bókhaldsvinnu og auðvelda þannig rekstur jafnt líttilla sem meðalstórra fyrirtækja.

Prófaðu fjölmarga kosti Reglu viðskiptakerfis
frítt í 30 daga á www.regla.is

 **regla**

Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Hjá Úlfari

**Er fiskur
of góður fyrir þig?**

**Komdu með gamla 8°
hringinn og við gerum úr
honum nýjan**



Ívar P. Björnsson

Básbryggja 51, 110

Reykjavík

sími 899 9760

Framúrskarandi þjónusta



www.bananar.is

**Pípulagningarþjónusta
Bolungarvíkur**

Hafnargötu 116, Bolungarvík
Sími 893 4063



Pípulagnir ehf.
Alfreð Erlingsson 892 4844
Kristján Ásgeirsson 897 4842
Valgeir Scott 893 6981
Þráinn Eyjólfsson 897 4365

**Gröfupjónusta
Barða Ön.**

Hafrafelli, Ísafirði
Sími 892 0429

JAKOB VALGEIR EHF.

Grundarstíg 5
Sími 894 7584



www.ekran.is



www.kjarnafaedi.is

**Trésmiðja
Ísafjarðar**

Aðalstræti 16, Ísafirði
Sími 690 2202



preben@thvottur.is



Sími 461 2911 - www.utras.is

mbl.is



www.norlandair.is

Verslun Bjarna
Eiríkssonar

Hafnargötu 81, Bolungarvík
Sími 456 7300



www.rafeyri.is



www.tengir.is



Þinar þarfir - okkar þjónusta.

www.holdur.is



*Betra braud með
góðum mat*



HATTING

HATTING

HATTING

Bagerens
UDVALGTE

Hævet over enhver smag

Hvidløgs Baguetter

Dejligt smør med friskt hvidløg, der smelter ind i brodet... Mmm
Hvidløgsbaguetter fra Hatting så populære. Vi kan også ret godt

Pitabrød

Jdvalgt hvedemel og plads til lækkerier... Hattings pitabrød bliver
så så megen kærlighed, at de puster sig op og laver plads til det gode fyld.

PANINO RUSTICO

*Kompromisløst brød bakt i stenovn, hvor den høje varme
slår op om brødet og holder på den gode smag fra
bl.a. durum hvedemel og olivenolie*

7
stk

100°C
8 min

6
stk

Bræðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður